

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 26. maí 2020

Lagt er til að allir reykvískir nemendur hafi raunverulegt val um hvaða skóla þeir sækja, óháð rekstrarformi skóla eða sveitarfélagsmörkum. Til þess að gera það kleift er því lagt til að sama fé fylgi börnum óháð því hvort þau velja sjálfstætt starfandi skóla eða borgarrekinn skóla.